Mánudaginn 24. mars 1997.

Nr. 119/1997. **Steinar Hólmsteinsson**
(Helgi Birgisson hrl.)
gegn
Tryggingamiðstöðinni hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Málskostnaður. Virðisaukaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttarins með kæru 3. febrúar 1997, sem barst ásamt kærumálsgögnum 13. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1997, þar sem felld var úr gildi sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. desember 1996, að fjárnám mætti ná fram að ganga fyrir kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila, að fjárhæð 150.808 krónur. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, svo sem lögunum var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991, sbr. 4. mgr. 150. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og 152. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun sýslumanns verði staðfest.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

I.

Hinn 30. september 1996 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sóknaraðila á hendur varnaraðila og Þórarni Jakobssyni, þar sem hinum síðarnefndu var gert í sameiningu að greiða sóknaraðila 6.000.000 krónur ásamt nánar tilteknum vöxtum frá 15. október 1992. Í forsendum dómsins sagði eftirfarandi um málskostnað: „Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 600.000.“ Ákvæði um þetta efni í dómsorði var svofellt: „Stefndu greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað.“

Samkvæmt gögnum málsins innti varnaraðili af hendi 9. október

1996 til lögmanns sóknaraðila 7.569.092 krónur til greiðslu eftir framangreindum dómi, en þar af voru 600.000 krónur vegna málskostnaðar. Voru málsaðilar sammála um þennan útreikning kröfunnar að öðru leyti en því, að sóknaraðili taldi varnaraðila skylt að greiða til viðbótar fjárhæð, sem svaraði til virðisaukaskatts af tildæmdum málskostnaði að frádregnum útlögðum kostnaði, eða af 563.155 krónum. Taldi sóknaraðili þannig 137.973 krónur vanta á fulla greiðslu kröfu samkvæmt dóminum, en því hafnaði varnaraðili. Sóknaraðili leitaði því fjárnáms á grundvelli dómsins fyrir framangreindri fjárhæð auk 12.835 króna vegna vaxta og kostnaðar af aðfarargerðinni, samtals 150.808 krónur. Sýslumaðurinn í Reykjavík ákvað gegn andmælum varnaraðila að taka til greina kröfu sóknaraðila um fjárnám. Er mál þetta rekið um lögmæti þeirrar ákvörðunar.

II.

Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 má fullnægja með aðför kröfum samkvæmt dómum og úrskurðum, sem eru kveðnir upp af íslenskum dómstólum. Með hliðsjón af 2. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 hefur þetta ákvæði verið skýrt á þann veg, að við aðför samkvæmt dómi í einkamáli komi að meginreglu aðeins til álita að fullnægja þeim kröfum, sem greinir þar í dómsorði. Frá þeirri meginreglu hefur þó meðal annars verið viðurkennd sú undantekning, að við aðför samkvæmt dómi megi leita fullnustu á kröfu, sem ekki er getið berlega í dómsorði, ef ótvíræð heimild verður fundin fyrir því í settum lögum eða eftir atvikum annarri réttarheimild.

Í fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1996 var kveðið á um skyldu varnaraðila til að greiða sóknaraðila 600.000 krónur í málskostnað, en í engu var getið um, að leggja ætti þar við fjárhæð, sem svaraði til virðisaukaskatts, hvorki af hluta málskostnaðarins né honum öllum. Verður því að telja heimild sóknaraðila til aðfarar fyrir þeim kröfum, sem um ræðir í málinu, háða því, hvort áðurgreind undantekning geti náð til þeirra.

Málskostnaður samkvæmt ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 verður dæmdur einum málsaðila úr hendi annars til að bæta hinum fyrrnefnda að fullu eða nokkru kostnað hans af rekstri dómsmáls.

Þegar sú fjárhæð er ákveðin í niðurstöðu dóms, verður meðal annars að líta til raunverulegs eða áætlaðs kostnaðar aðilans af flutningi málsins, sbr. a-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991, þar á meðal kostnaðar, sem hann kann að þurfa að bera vegna virðisaukaskatts af endurgjaldi fyrir þjónustu lögmanns síns samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þetta breytir því hins vegar í engu, að af málskostnaði, eins og hann er ákveðinn í dómsorði, greiðist ekki virðisaukaskattur, enda er hann í reynd bætur úr hendi málsaðila til gagnaðila, en ekki þóknun til lögmanns gagnaðilans fyrir störf í þágu hans. Verður því ekki fundin stoð í framangreindum lagaákvæðum fyrir því að láta aðfarargerð til fullnustu kröfum samkvæmt dómi ná til fjárhæðar, sem svarar til virðisaukaskatts, til viðbótar þeim málskostnaði, sem þar er berum orðum ákveðinn. Stoð fyrir slíku verður ekki heldur fundin í öðrum lögum eða réttarheimildum.

Samkvæmt framangreindu verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar. Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist, og verður hann því ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. janúar 1997.

I.

Mál þetta var þingfest 14. janúar 1997 og tekið til úrskurðar 21. janúar 1997 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Varnaraðili er Steinar Hólmsteinsson, kt. 090960-5719, Hraunkambi 8, Hafnarfirði.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember sl. í aðfararmálinu nr. 11/1996/21023 um að láta gerðina ná fram að ganga, verði hnekkt.

Varnaraðili krefst þess, að sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember sl. í aðfararmáli nr. 11/1996/21023 um að láta gerðina ná fram að ganga, verði staðfest.

II.

Hinn 30. september 1996 var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í málinu nr. E-97/1996: Steinar Hólmsteinsson gegn Tryggingamiðstöðinni hf. og Þórarni Jakobssyni, og hljóðaði dómsorðið svo:

„Stefndu, Tryggingamiðstöðin hf. og Þórarinn Jakobsson, greiði in solidum stefnanda, Steinari Hólmsteinssyni, 6.000.000 kr. með 1% ársvöxtum frá 15. október 1992 til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þ. d. til 11. nóvember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þ. d. til 25. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. nóvember 1996.

Stefndu greiði stefnanda 600.000 kr. í málskostnað."

Sóknaraðili greiddi lögmanni varnaraðila 9. október sl. 7.569.092 kr., og sundurliðaðist fjárhæðin svo:

Dómsfjárhæð	kr.	6.000.000
Sparisjóðsvextir frá 15. 10. 1992-25. 11. 1995	kr.	129.000
Dráttarvextir frá 25. 11. 1995-9. 10. 1996	kr.	838.992
Málskostnaður	kr.	600.000
Dómsendurrit	kr.	1.100

Aðilar voru sammála um ofangreindan útreikning á kröfunni að því undanskildu, að varnaraðili taldi, að sóknaraðili ætti að greiða virðisaukaskatt á þóknunarhluta dæmds málskostnaðar, nánar tiltekið af 563.155 kr., en innifalið í málskostnaði var útlagður kostnaður, 36.845 kr. Gerði varnaraðili kröfu til, að sóknaraðili greiddi þessa fjárhæð, þ. e. 137.973 kr., en því var hafnað af hálfu sóknaraðila.

Föstudaginn 13. desember 1996 tók sýslumaðurinn í Reykjavík fyrir aðfararbeiðni nr. 11/1996/21023, þar sem varnaraðili máls þessa var gerðarbeiðandi, en sóknaraðili gerðarþoli. Krafðist varnaraðili fjárnáms fyrir kröfu, að fjárhæð 150.808 kr., sem sundurliðaðist svo:

Höfuðstóll	kr.	137.973
Dráttarvextir 15.10.96-15.11.96	kr.	1.835
Aðfararbeiðni og mót	kr.	8.000
Aðfarargjald í ríkissjóð	kr.	3.000

auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum, ef til þeirra kæmi.

Við aðfarargerðina var þing sótt af hálfu beggja aðila, og mótmælti lögmaður sóknaraðila framgangi gerðarinnar. Fulltrúi sýslumanns tilkynnti þá

ákvörðun sína að láta gerðina ná fram að ganga. Lögmaður sóknaraðila lýsti þá yfir, að ákvörðun sýslumanns yrði skotið til héraðsdóms, og voru aðilar sammála um að fresta gerðinni, þar til niðurstaða héraðsdóms lægi fyrir.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 17. desember 1996, leitaði sóknaraðili eftir úrlausn dómsins um framangreinda ákvörðun sýslumanns, og var málið þingfest 14. janúar 1997.

III.

Sóknaraðili kveðst hafa hafnað því að greiða virðisaukaskatt ofan á dæmdan málskostnað, þar sem ekki væri einu orði minnst á virðisaukaskatt í forsendum eða dómsorði, og gæti því skylda sín ekki verið umfram það, sem dómsorðið sjálft segði.

Sóknaraðili styður mótmæli sín enn fremur þeim rökum, að samkvæmt 2. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segi, að í dómsorði skuli aðalniðurstaða máls dregin saman, svo sem sýkna, ef sýknað er af öllum efniskröfum, kröfur stefnanda, sem teknar eru til greina, o. s. frv. Í athugasemdum við ákvæði þetta í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 91/1991 segi, að efnislega svari fyrirmælin um þetta til ákvæða 2. mgr. 193. gr. eldri laga nr. 85/1936, en í því ákvæði hafi m. a. verið sagt, að í dómsorði skyldi greina aðalniðurstöður máls, þ. á m. það, sem fullnægja skyldi með aðför.

Sóknaraðili telur sig hafa fullnægt þeirri skyldu að greiða varnaraðila í samræmi við dómsorðið. Því sé haldið fram, að grundvöllur aðfarar geti ekki verið annar en þar komi fram. Sé virðisaukaskatts að engu getið í forsendum eða dómsorði, verði að líta svo á, að þegar hafi verið tekið tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar, enda sé það í samræmi við ofanritað, að dómsorð og/eða forsendur skuli segja það, sem segja þurfi að þessu leyti, sbr. Hrd. 1993, 1521, og Hrd. 1993, 1966.

Sóknaraðili telur, að dómvenja hafi ekki myndast um það, að virðisaukaskatti megi bæta við dæmdan málskostnað við aðför, þótt hans sé að engu getið í dómi, ef svo hagar til, að sá aðili, sem fær málskostnað dæmdan, getur ekki nýtt þann virðisaukaskatt, er hann þarf að greiða lögmanni sínum sem innskatt. Ef svo væri, þyrfti sá, sem krafinn er um virðisaukaskatt, að gera sjálfstæða könnun hverju sinni til að staðreyna, hvort gagnaðili sé virðisaukaskattsskyldur og hvort hann geti nýtt mögulega greiðslu á virðisaukaskatti til lögmanns síns sem innskatt.

IV.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram sérstaka greinargerð, en vísar máli sínu til stuðnings til aðfararbeiðni sinnar, sem lögð var fram hjá sýslumanninum í Reykjavík við umrædda aðfaragerð.

Varnaraðili kveður ágreining hafa risið með aðilum við uppgjör dómkröfunnar um, hvort virðisaukaskattur væri innifalinn í tildæmdum málskostnaði. Þar sem dómurinn beri ekki með sér, að tekið hafi verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, telji varnaraðili sér heimilt að bæta honum við þóknunarhluta tildæmds málskostnaðar. Hafi 24,5% virðisaukaskattur verið reiknaður af þóknunarhlutanum, 563.155 kr., sem geri 137.973 kr., en það sé höfuðstóll fjárnámskröfunnar. Varnaraðili kveðst hafa fengið greiðslu frá gerðarþola á dómskuldinni með fyrirvara um virðisaukaskattinn.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu varnaraðila vísað til þess, að Hæstiréttur Íslands hefði ekki um nokkurt skeið minnst á virðisaukaskatt í tengslum við ákvörðun málskostnaðar. Telur varnaraðili, að í því felist, að rétturinn telji ekki lengur þörf á að taka fram, að við ákvörðun málskostnaðar hafi ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts, eins og lengi hafði verið tekið fram í dómum réttarins. Ekki verði því annað séð en dómvenja hafi myndast um það, að þeim aðila, sem fái tildæmdan málskostnað, sé rétt að bæta virðisaukaskatti við málskostnaðinn, ef hann getur ekki nýtt virðisaukaskatt af lögmannsþóknun sem innskatt.

Þá er af hálfu varnaraðila vísað til þess, að dæmdur málskostnaður í umræddu héraðsdómsmáli hafi nokkurn veginn svarað til málflutningsþóknunar af dæmdri fjárhæð án virðisaukaskatts samkvæmt gjaldskrá lögmanns varnaraðila, og sé því augljóst, að virðisaukaskattur sé ekki innifalinn í málskostnaðarfjárhæðinni.

V.

Lögmönnum ber að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 1. tl. 3. mgr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Virðisaukaskattinn innheimta lögmenn hjá skjólstæðingum sínum með því að bæta honum ofan á endurgjald fyrir veitta þjónustu og standa ríkissjóði skil á honum á ákveðnum gjalddögum.

Málskostnaður í einkamálum er ákveðinn á grundvelli XXI. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Að baki málskostnaðarákvörðun liggja ýmis sjónarmið, m. a. bótasjónarmið, en samkvæmt þeim á dæmdur málskostnaður að gera þann, sem vinnur mál, í öllu verulegu því sem næst skaðlausan af málshöfðuninni. Dómari verður að jafnaði að mynda sér ákveðna skoðun á því, hversu háa þóknun er eðlilegt, að lögmaður þess aðila, sem vinnur málið, áskilji sér og hver virðisaukaskattur muni leggjast ofan á þá þóknun.

Það gerir málið flóknara, að lagaákvæði um virðisaukaskatt gera það að verkum, að í sumum tilvikum geta aðilar nýtt virðisaukaskatt, sem þeir greiða lögmanni sínum sem innskatt, við uppgjör á virðisaukaskatti sam-

kvæmt VII. kafla laga nr. 50/1988, en í öðrum tilvikum ekki. Þegar krafa er gerð í dómsmáli um, að tekið sé tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, liggur að jafnaði fyrir við dómtöku máls, hvort hlutaðeigandi aðili getur nýtt greiddan virðisaukaskatt sem innskatt. Ef slíkar upplýsingar liggja fyrir, hefur dómari allar forsendur til að taka á kröfunni, en ef ekki, verður vart orðið við slíkri kröfu. Ef svo háttar til, að sá, sem vinnur mál, getur ekki nýtt sem innskatt virðisaukaskatt, er hann þarf hugsanlega að greiða lögmanni sínum, þarf hann að fá fjárhæð sem svarar skattinum dæmda úr hendi gagnaðila, ef skaðleysissjónarmiðum á að vera fullnægt.

Eins og fyrr segir, ber að ákveða í dómi, hvaða fjárhæð sá, sem tapar máli, skuli greiða gagnaðila sínum í málskostnað. Lögmaður þess aðila, sem fær dæmdan málskostnað, er ekki bundinn af málskostnaðarákvörðun dómara og getur gefið eftir þóknun sína að fullu eða hluta eða áskilið sér hærri þóknun en málskostnaðarákvörðun tekur mið af. Hin raunverulega fjárhæð virðisaukaskatts er því óháð þeirri fjárhæð, sem dómari telur rétt að reikna inn í málskostnað. Sá, sem dæmdur er til að greiða gagnaðila sínum málskostnað, stendur ekki í neinu réttarsambandi við lögmann gagnaðila og lögskipti þeirra varða hann engu. Dómþoli þarf því sem næst að geta staðreynt endanlega greiðsluskyldu sína með því að lesa dóminn sjálfan. Sú krafa verður því vart gerð til dómþola, sem krafinn er um virðisaukaskatt til viðbótar dæmdum málskostnaði, að hann hefji sjálfstæða könnun á því, eftir að dómur er genginn, hvort gagnaðili geti nýtt virðisaukaskatt, sem hann þarf hugsanlega að greiða lögmanni sínum sem innskatt.

Þess má einnig geta, að sá, sem greiða þarf málskostnað, getur ekki nýtt hluta hans sem innskatt, hvort sem tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við málskostnaðarákvörðunina eða honum er síðar bætt við málflutningsþóknunarþáttinn.

Dómaframkvæmd hefur verið með ýmsu móti um þátt virðisaukaskatts í málskostnaðarákvörðun. Í undirréttardómum hefur þess ýmist verið getið, að tekið hafi verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar og hann þá reiknaður inn í málskostnaðarfjárhæðina, eða að ekki hafi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 1993, bls. 1966, var til umfjöllunar ágreiningur vegna aðfararbeiðni á grundvelli dóms, þar sem dæmdur hafði verið 20.000 króna málskostnaður og í forsendum getið, að ekki hefði verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Dómurinn hafði verið gerður upp í samræmi við dómsorð, en neitað um greiðslu á virðisaukaskatti til viðbótar dæmdum málskostnaði. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu, að aðför væri heimil

fyrir virðisaukaskatti, 4.900 kr., aðfarargjaldi o. fl., með þeim rökum, að væri í dómsmáli dæmdur málskostnaður, sem bera ætti virðisaukaskatt samkvæmt upphafsákvæði og 1. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, mætti aðför gera til tryggingar málskostnaðinum að viðbættum virðisaukaskatti, þótt hans væri eigi getið í dómsorði, enda færi ekki á milli mála, að skatturinn væri innifalinn í málskostnaði. Sé gagnályktað frá þessari niðurstöðu, telst aðför væntanlega ekki heimil, ef það fer á milli mála, að skatturinn sé innifalinn í málskostnaðinum.

Á árunum 1990 til 1995 gengu fjölmargir dómar í Hæstarétti Íslands, þar sem við ákvörðun málskostnaðar var tekið fram: „Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.“ Í dómum réttarins eftir mitt ár 1995 fylgir að jafnaði engin leiðbeining um, hvort eða með hvaða hætti hafi verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar. Sú breyting, sem orðið hefur á rökstuðningi réttarins, hefur, að því er virðist, ekki verið skýrð í dómum, og er um það ágreiningur með aðilum, hvernig beri að túlka hana.

Í Hæstaréttardómum frá 1995, bls. 3003, í máli, sem sprottið var af túlkun á fyrrnefndu orðalagi í dómi réttarins frá 28. apríl 1994, segir m. a.: „Þar var ekki tekin afstaða til þess, hvort sóknaraðila væri skylt að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.“ Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, að sóknaraðila (dómþola) yrði ekki gert að greiða varnaraðila virðisaukaskatt af málflutningsþóknun, er fólst í málskostnaði, þar sem viðskipti þau, er deilt var um í málinu, vörðuðu starfsemi, sem væri virðisaukaskattsskyld.

Í málflutningi í máli því, sem hér er til úrlausnar, kom fram, að sum tryggingafélög neituðu ávallt að greiða virðisaukaskatt til viðbótar dæmdum málskostnaði í bótamálum, ef ekkert væri tekið fram um hann í dómum, en önnur greiddu hann alltaf. Um réttaróvissu virðist því enn vera að ræða.

Samkvæmt 2. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 skal aðalniðurstaða máls dregin saman í dómsorði, þ. á m. kröfur stefnanda, sem teknar eru til greina. Í greinargerð með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 91/1991, kemur fram, að fyrirmæli framangreinds ákvæðis svari efnislega til ákvæða 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, en í því ákvæði sagði m. a., að í dómsorði skyldi greina: „aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför“. Þá skulu dómar vera glöggir og hafa að geyma endanlega niðurstöðu þeirrar þrætu, sem lögð er fyrir dómarann, samanber 3. og 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991. Þó er í 4. mgr. 129. gr. lögbundin undantekning frá þessu, að því er varðar dráttarvexti af dæmdum málskostnaði. Framangreind ákvæði eiga við um málskostnaðarákvörðun, sem tekin er á grundvelli XXI. kafla laganna.

Telja verður, að framangreind lagaákvæði leggi dómstólum þær skyldur á herðar að haga samningu dóma með þeim hætti, að ekki gefist réttmætt tilefni til deilna um endanlegt uppgjör dómanna. Veiti dómsorðið ekki fullnægjandi upplýsingar um niðurstöðu málsins, verður ekki lengra seilst en í forsendur dómsins til að renna stoðum undir kröfugerð við aðför.

Í einkamáli því, sem aðfararbeiðnin er grundvölluð á, krafðist stefnandi skaðabóta, að fjárhæð 8.000.000 kr., og málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi. Í þeim reikningi var málflutningsþóknun reiknuð 906.445 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur 171.500 kr. Í málinu voru stefnanda dæmdar skaðabætur, að fjárhæð 6.000.000 kr., og 600.000 kr. í málskostnað. Í dóminum er hvergi vikið að virðisaukaskatti. Verður því að líta svo á, að dómarinn hafi annaðhvort tekið tillit til allra þeirra þátta, sem dómara ber að taka tillit til við ákvörðun málskostnaðar, þ. m. t. væntanlegra virðisaukaskattsgreiðslna varnaraðila, eða að hann hafi ekki skorið úr þeim þætti málskostnaðarkröfunnar, sem sneri að kostnaði vegna virðisaukaskatts.

Með vísan til framangreinds er ekki að finna neina stoð í héraðsdóminum, lögum um virðisaukaskatt eða öðrum réttarheimildum fyrir því, að varnaraðili geti krafist aðfarar fyrir fjárhæð, sem svarar til virðisaukaskatts af tildæmdri málskostnaðarfjárhæð. Breytir engu, þó að lögmaður varnaraðila telji, að dæmdur málskostnaður svari nokkurn veginn til málflutningsþóknunar af dæmdri fjárhæð án virðisaukaskatts samkvæmt gjaldskrá hans.

Með ákvörðun sinni hefur sýslumaður því farið út fyrir það svigrúm, sem hann hefur til túlkunar og fyllingar á dómum við aðför. Ber því að fella úr gildi þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember 1996 í aðfararmálinu nr. 11/1996/21023, að aðfaragerð skuli ná fram að ganga.

Málskostnaður hefur ekki verið krafist í málinu.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. desember 1996 í aðfararmálinu nr. 11/1996/21023 um, að gerðin skuli ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.